



149. fundur framkvæmdastjórnar ÍSí var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSí fimmtudaginn 25. júní 2008 kl. 12:00 í Íþróttamiðstöðinni Laugardal.

Mættir: Ólafur Rafnsson forseti, Lárus Blöndal varaforseti, Örn Andrésson, Sigríður Jónsdóttir, Helga Steinunn Guðmundsdóttir, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Forföll boðuðu, Gunnar Bragason gjaldkeri, Krístrún Heimisdóttir ritari, Hafsteinn Pálsson, Helga H. Magnúsdóttir, Engilbert Olgeirsson, Friðrik Einarsson, Jón Gestur Viggósson 1. varamaður, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir 3. varamaður, Oddný Árnadóttir 2. varamaður.

1. Ólympíuleikar í Peking

Rætt um undirbúning fyrir Ólympíuleikana í Peking. Forseti fór yfir ýmis mál sem varða undirbúning vegna gesta ÍSí á leikunum.

Menntamálaráðherra mun sækja opunarhátíð leikanna en ekki hefur borist staðfesting frá forsetaskrifstofunni um þátttöku Forseta Íslands í leikunum.

2. Innkomin erindi

Lögð fram eftirfarandi erindi sem borist hafa skrifstofu ÍSí frá síðasta framkvæmdaráðsfundi.

- *Bréf IOC vegna boðssætis í júdó*

Lagt fram bréf IOC þar sem formlega er tilkynnt að Þormóður Árni Jónsson júdómaður hafi fengið boðssæti til þátttöku í júdó á Ólympíuleikunum í Peking. Vísað til Afrekssviðs.

- *Bréf IOC – skýrsla vegna 7. heimsráðstefnu um íþróttir og umhverfismál*

Lögð fram skýrsla IOC vegna 7. heimsráðstefnu um íþróttir og umhverfismál.

- *Bréf IOC vegna heimildarmyndar um Ólympíuborgina Peking*
- Lagt fram.

- *Bréf BOCOG vegna skráningar á opunar- og lokahátíð*

Lagðar fram upplýsingar vegna skráningar á opunar- og lokahátíð Ólympíuleikanna í Peking. Gerð er krafa um ítarlegar upplýsingar vegna allra sem sækja hátíðirnar. Vísað til skrifstofu og Afrekssviðs.

3. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerð lögð fram til samþykktar.

- a. 148. fundar framkvæmdastjórnar ÍSí

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir fundarritari